

## Tillaga um lýðræðisgáttir Reykjavíkurborgar

Talsverð vinna hefur átt sér stað undanfarin ár við að kortleggja stöðu lýðræðisverkefna Reykjavíkurborgar til þess að samræma, einfalda og skýra viðmót íbúa á þeirra forsendum. Mikil reynsla hefur skapast við framkvæmd lýðræðisverkefnanna frá því að áhersla á þátttöku íbúa fór að aukast og Hverfið mitt fór af stað. Tillagan byggir á þessari vinnu, skýrslu starfshóps um endurskipulagningu lýðræðisverkefna Reykjavíkurborgar frá 2019 og skýrslu Kolibri um lýðræðisverkefni Reykjavíkurborgar frá 2018. Með tillögunni er verið að stíga markviss skref til þess að vinna að því að auka enn frekar aðgengi íbúa að lýðræðislegri þátttöku, einfalda þátttökuvíðmótið og bæta gæði ferlanna.

1. Lagt er til að fela þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja vinnu við að skapa heildræna hugbúnaðarlausn vegna samráðs og þátttöku íbúa. Lagt er til að fundin verði besta mögulega lausn fyrir hvert verkefni eða feril fyrir sig og að viðmót og bakvinnsla verði samræmd og samþætt. Einfalt, heildstætt og notendamiðað aðgengi skal hafa að leiðarljósi og meta verkefni með gagnrýnum hætti á forsendum notenda út frá þægindum og þörfum þeirra.
2. Lagt er til að verkefnið Hverfið mitt verði endurskoðað þannig að viðhalds- og öryggisverkefni verði ekki lengur hluti af því og að þeim sé vísað í annan farveg, s.s. ábendingavefinn og/eða til íbúaráðanna.
3. Lagt er til að hafin verði vinna við að móta til framtíðar eignarhald á hugbúnaðarlausninni fyrir Hverfið mitt þannig að það sé vel afmarkað og tryggt að það sé á hendi Reykjavíkurborgar.
4. Lagt er til að framvegis verði kosið í verkefninu Hverfið mitt annað hvert ár. Slíkt yrði gert til þess að auka samráð, gæði og skilvirkni verkefnisins. Miðað verði við að næst verði kosið árið 2021.

**Greinargerð:**

Tillagan byggir á skýrslu starfshóps um endurskipulagningu lýðræðisverkefna Reykjavíkurborgar frá 2019 og skýrslu Kolibri um lýðræðisverkefni Reykjavíkurborgar frá 2018. Eins og þar kemur fram er nauðsynlegt að skoða lýðræðisverkefnin með gagnrýnum augum og finna betra heildarsamhengi til framtíðar til þægindaauka fyrir notendur. Verkefnin hafa farið af stað á mismunandi tímum og forsendum og því vantar heildrænt og aðgengilegt samhengi. Hér er lagt til að verkefnin verði endurskoðuð með vísan til þess hvaða þörfum þau eru að mæta og búa til slíkt samhengi.

Athugasemdir berast reglulega frá íbúum sem varða framkvæmd hugmynda og í einhverjum tilfellum eru skiptar skoðanir á útfærslu og staðsetningu. Í mörgum tilfellum hafa risið upp ágreiningsmál sem hefði mátt koma í veg fyrir með meira samráði. Frá því að hugmynd berst að vori, kosið er um hana að hausti og hún er framkvæmd, geta liðið allt frá 14-18 mánuðir. Þannig er hugmyndasöfnun næsta árs farin af stað aftur, töluvert áður en verkefni sem valin voru árið áður eru komnar til framkvæmda. Þetta hefur valdið ruglingi og óánægju. Kröfur um aðkomu íbúanna að mótun verkefnanna á mismunandi stigum ferilsins hafa aukist. Með nýrri tímalínu verkefnisins verður hægt að koma til móts við þetta.

Með nýrri tímalínu verður einnig hægt að framkvæma stærri verkefni og vinna þau enn betur í meira samráði við hugmyndahönnuði og íbúa bæði hvað varðar þróun, hönnun og staðsetningu verkefna.